

2. gr.

2. mgr. 4. gr. orðist svo: Þrátt fyrir þessa skiptingu á aflahlutdeild báta minni en 10 brl. og fiskiskipa 10 brl. og stærri skal skerða aflahlutdeild fiskiskipa stærri en 10 brl. er nemur áætluðum afla þeirra báta, sem fá úthlutað meðalafhlutdeild samkvæmt 1. og 2. ml. 3. tl. 7. gr. þessarar reglugerðar.

3. gr.

2. mg. 15. gr. orðist svo: Fyrir opna vélbáta ákvarðast rúmtala sem $4.3 \times$ brúttótonn, þar sem brúttótonnatala er fundin samkvæmt 5 gr. reglugerðar nr. 433, 17. ágúst 1990, um mælingar skipa undir 24 metrum að lengd.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. febrúar 1991.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ**um kosningu vígslubiskupa.**

1. gr.

Kjörgengur til embættis vígslubiskups er hver guðfræðikandidat, sem fullnægir skilyrðum til þess að vera skipaður prestur í þjóðkirkjunni.

2. gr.

Kosningarrétt við vígslubiskupskjör eiga:

1. Biskup Íslands, þjónandi vígslubiskup og sóknarprestarnir í vígslubiskupsdæmi, sérþjónustuprestarnir, sbr. II. kafla laga nr. 62/1990, sem hafa starfsstöð í vígslubiskupsdæmi.
2. Kjörnir leikmenn úr vígslubiskupsdæmi, sem sæti eiga á kirkjuþingi, þegar kosning fer fram.
3. Einn leikmaður fyrir hvert prófastsdæmi í vígslubiskupsdæmi, sem kjörnir eru skv. 2. gr. 3. tl. laga nr. 96/1980, sbr. reglugerð nr. 151/1981.

3. gr.

Kjörstjórn, sem skipuð er samkvæmt 3. gr. laga nr. 96/1980, sbr. reglugerð nr. 151/1981, fer með yfirstjórn, undirbúning og framkvæmd vígslubiskupskosningar.

4. gr.

Kjörstjórn semur kjörskrá og skal hún liggja frammi á biskupsstofu og hjá próföstum í vígslubiskupsdæmi, í a.m.k. 10 daga, eftir því sem nánar segir í auglýsingu kjörstjórnar.

Um gerð kjörskrár og framkvæmd kosningar að öðru leyti fer svo sem segir í lögum nr. 96/1980 og reglugerð nr. 151/1981.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 43. gr. 2. mgr. laga nr. 62/17. maí 1990 um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. mars 1991.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Anna G. Björnsdóttir.